

**Nd.**

**372. Álit**

um frv. til laga um stofnun kennaraembættis í hagnýtri sálarfræði við Háskóla Íslands.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Í þessu máli kemur að voru álit þótt til athugunar: þörf Háskólans, endurbætur á vinnubrögðum í landinu og persóna umsækjandans.

a) Hvað þarfir Háskólans snertir, þá hefir nefndin snúið sjer til Háskólaráðsins og leitað álits þess, eins og fyrir er mælt í Háskólalögunum. Í svari Háskólaráðsins, dags. 5. ág., er aðeins vísað til ummæla heimspekisdeildar og því bætt við, að »umsækjandinn sje alls góðs maklegur«. Er svar þetta fjarri því að vera svo skýrt, sem æskilegt væri; en að voru álitu er tæpast ástæða til þess að hafa tvö kennaraembætti í heimspekilegum fræðum við svo lítinn skóla.

b) Umsækjandinn hefir lagt áherslu á, að hann myndi rannsaka vinnubrögð landsmanna í ýmsum greinum og gerði sjer von um, að af því mætti leiða miklar endurbætur og vinnusparnað. Hefir hann sérstaklega bent á, að slíkar rannsóknir hafi borið mikinn ávöxt í Vesturheimi.

Vjer teljum það líklegt, að slíkar rannsóknir geti komið að gagni, þar sem skifting vinnunnar er á háu stigi, eins og víðast er í verksmiðjum erlendis, þar sem bæði er úr mörgum mönnum að velja og margs konar atvinnuvegum; en þó dylst oss ekki, að vinnubrögð hafa komist á afarhátt þroskastig í mörgum atvinnugreinum áður en nokkur vinnuvísindi voru nefnd á nafn. Vinnuleikni er gömul, vinnuvísindin ung og lítt reynd. Að þau megni að bæta yfirleitt vinnubrögð almennra verkamanna að miklum mun, teljum vjer óreynt og ósannað, þó ekki viljum vjer neita, að ýmislegt gott kunni af þeim að leiða með tímanum.

Nú er svo ástatt hjer á landi, að vinnuskifting er, enn sem komið er, mjög ófullkomin; flestir verða að sinna mörgum störfum og næsta ólíkum, sem eflaust krefjast mjög misjafnra hæfileika. Þar sem svo stendur á, virðist oss mjög tvísýnt að vinnutilraunir geti orðið að miklu liði. Við dagleg störf kemur það fljótt í ljós, hverjum er sýnt um þau og hverjum ekki; til þessa þurfa engar vísindalegar rannsóknir. En sökum mannfæðar vorrar, einkum að sumrinu, verður að nota hvert mannslið, þó misjafnt sje. Formenn vorir sjá fljótt, hverir eru fisknir og kysu helst, að allir hásetar væru það, en eftir sem áður verða þeir að nota menn, sem er miður sýnt um verkið, og hæpið, að vísindalegri kenslu verði komið við, til þess að gera þá að betri veiðimönnum, eða að hún komi að meiri notum en samkepnin í daglegu lífi. Sama er að segja um sveitamenn, sem eiga við enn meiri vinnufólksskort að búa. Hjer er þess sjaldnast kostur að vísa mönnum burtu, þó ekki sjeu þeir svo góðir verkmenn sem skyldi.

Það mun óhætt að fullyrða, að Íslendingar standa engum öðrum að baki í þeim verkum, sem hjer eru alment tíðkuð. Þeir eru betri sláttumenn en útlendingar og verkfæri þeirra betri; þeir eru og taldir fisknari og engu lakari sjómenn. Vjer teljum það mjög vafasamt, að vísindamenn geti kent sjómönnum vorum og sláttumönnum verk sín svo, að almenningi komi að nokkrum verulegum notum. Hvað þeim verkum viðvíkur, sem eru hjer lítt kunn, liggur beinast við, að nota erlenda verkamenn, eða verkstjóra, sem verkunum eru vanir og læra af þeim, eða þá að Íslendingar læri verkin af þeim erlendis. Á þennan hátt höfum vjer lært vegagerð, plægingar, símalagningar, síldveiðar og yfirleitt öll ný störf í landinu. Þessa leið hafa allar aðrar þjóðir farið. Engar hafa tekið það ráð, að láta háskóla-kennarana kenna almenningi vinnubrögð.

Oss er það þó full ljóst, að því fer fjarri, að vinnubrögð hjer sjeu í svo góðu lagi sem vera skyldi, en sjaldnast mun þetta stafa af því, að mennirnir geti ekki leyst verkið betur af hendi, heldur af því, að kaupið er

*tímakaup*, samkeppnin lítil og hugsunarháttur margra lakari en skyldi. Til þessa liggja djúpar rætur, sem engin augnabliksfræðsla eða áminning getur upprætt. Hjer er að nokkru leyti að ræða um uppeldismál, en líklegasta bótin við slíkum meinum, er vaxandi menning og samkeppni í landinu. Óvíst er að vísindaleg vinnukensla geti haft mikil áhrif á þetta.

Þó vjer gerum oss litla von um, að vísindalegar vinnutilraunir komi hjer *alment* að notum, þá virðist oss ekki ólíklegt, að í sumum greinum, þar sem vinnuskifting er lengst á veg komin, kynnu þær að koma að góðu gagni, t. d. við vegavinnu, fiskverkun og ef til vill aðgerð á fiski o. fl. Nú er það auðsætt, að ekki þarf mikla framför til þess að vinna upp nokkurn tilkostnað, og teljum vjer því æskilegt að slíkar tilraunir væru framkvæmdar í nokkur ár, *svo að reynsla fengist fyrir, hvort þær kæmu að notum*. Þá teljum vjer og mjög líklegt, að kaup mætti miklu meira en gert er, miða við það verk, sem af hendi er leyst, í stað timalengdarinnar, sem verið er við verkið, og myndi það eitt til mikilla framfara í vinnubrögðum. Tilraunir með vinnubrögð, gætu líklega meðal annars stutt að þessu.

Ef dr. Guðm. Finnbogason vildi takast þær á hendur, þá vildum vjer mæla með því, að honum væri veitt fje í þessu augnamiði í fjárlögunum. Færi svo, að þær kæmu að verulegu gagni, teljum vjer Alþingi skylt að launa honum starf hans vel og sómasamlega, hvort heldur sem væri á þann hátt, að stofna handa honum fast embætti eða veita honum framvegis fje á annan hátt, til þess að bæta vinnubrögð i landinu. Aftur héfir það orðið að samkomulagi milli vor, að mæla ekki með því, að stofnað sje fast embætti í þessum tilgangi, meðan engin sönnun er fengin fyrir því, að það komi að tilætludum notum.

c) Umsækjandinn er svo mætur maður og vel að sjer í sinni fræðigrein, heimspeki, að það væri óneitanlega mjög æskilegt, að hann gæti gefið sig við henni og verið laus við önnur störf. Oss dylst þetta ekki, en eigi að síður sýnist sumum af oss það ókleift, að stofna embætti af þessari ástæðu, því bæði eigum vjer marga góða menn, sem líkt má segja um, og eignumst framvegis marga. Vjer höfum eigi efni til þess, að stofna embætti vegna einstakra manna, en hljótum að láta oss nægja með þau sem óhjákvæmilegt er að setja á fót vegna brýnna almenningsþarfa. Þetta er óhjákvæmileg afleiðing af því, hve fáir vjer erum og fjeð af skornum skamti.

Alþingi 16. ágúst 1915.

Jón Magnússon,  
form.

Guðm. Hannesson,  
ritari.

Einar Jónsson.

Jón Jónsson.